

## Lækur 2 í Holtum, Rangárþingi ytra

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 3. apríl 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Nesbúeggjum ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu á hænsnabúi að Læk 2 í Holtum, Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lækur 2 í Rangárþingi ytra. Matsskyldufyrirspurn. Nesbúegg ehf. – Efla verkfræðistofa. Apríl 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra dags. 28. apríl 2023,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 17. maí 2023,
- Matvælastofnun dags. 8. maí 2023,
- Minjastofnun Íslands dags. 9. maí 2023,

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 15., 22. og 23. maí 2023.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í framleiðslu á eggjum með því að byggja allt að 3.000 m<sup>2</sup> hús fyrir varphænur og önnur mannvirki tengd hænsnabúi þar sem heimilt yrði að ala allt að 25.000 fullorðnar varphænur, auk 400 m<sup>2</sup> hauggeymslu.

##### Úrgangur

Úrgangur frá hænum verður nýttur sem áburður á tún og kemur til með að vera full nýttur á landinu í kring, þar sem nægilegt landsvæði er til staðar til að taka við úrgangi frá umræddum fjölda fugla, en heildarmagn af úrgangi verður um 638 tonn á ári. Til að lágmarka lyktarmengun sem hlýst af dreifingu skíts á túnin verður honum dreift að hausti og vori. Við dreifingu verður þess gætt að valda sem minnstum óþægindum og tekið mið af veðri og vindátt hverju sinni.

##### Efnispörf og efnislosun

Vegna nýrra bygginga og gerðar plana við þær er gert ráð fyrir að taka efni úr malarnámunni E23 sem er á jörðinni. Náman er í gildandi aðalskipulagi. Stærð hennar er um 3 ha og þar er heimilt að taka allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni. Áætluð efnispörf vegna framkvæmda er um 8.000 m<sup>3</sup>. Uppgröftur úr húsagrundi er hrein mold, sem verður nýtt til að móta land umhverfis hús og aðlaga að ræktuðu landi umhverfis. Uppgröftur er áætlaður um 6.000 m<sup>3</sup>.



## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Nesbúeggja ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið séu lyktarmengun, en ríkjandi vindátt sé úr norðaustri. Við dreifingu verður þess gætt að valda sem minnstum óþægindum og tekið mið af veðri og vindátt hverju sinni, en rúmlega 1 km er að Langholti í norðvestri og um 1,7 km að Stúfholtshjáleigu í vestur. Engin vatnsverndarsvæði séu í nágrenni jarðarinnar, en afrennsli frá skurðum milli túna sé að hluta til vesturs inná mýrarsvæði og til austurs í Kolbeinslæk og þaðan í Þjórsá.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram ósk um m.a. frekari upplýsingar varðandi tilhögun eldis og förgun hræja.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áform séu um að vera með 25.000 fullorðnar varphænur, en ekki unghænur. Hræ verða flutt á förgunarstöð með gilt starfsleyfi skv. reglugerð um urðun úrgangs. Sjálfdaðir fuglar fara í sér gám sem losaður verður af íslenska Gámafélaginu. Aflífaðir fuglar fara í kjötmjölsframleiðslu.

### Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nokkur fjöldi þekktra minja sé til staðar innan byggingareita. Unnið verði eftir leiðsögn Minjastofnunar við framkvæmdir sem mögulega geta raskað minjum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að framkvæmdasvæðið er innan gamla heimatúns Lækjar. Þó ekki sjáist lengur í merki um fornleifar á yfirborði gætu leifar mannvirkja og mannvistarlaga leynst undir sverði. Minjastofnun telur að áður en farið verður í jarðrask á svæðinu þurfi að kalla til fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdunum. Ef leifar mannvirkja og/eða mannvistarlaga koma í ljós gæti þurft að stöðva framkvæmdir á meðan frekari rannsóknir verði gerðar. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að fengin verði fornleifafræðingur til að grafa könnunarskurði á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði áður en framkvæmdir hefjast. Niðurstöður slíkra rannsókna gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum áður en framkvæmdir innan svæðisins hefjast. Þannig mætti koma í veg fyrir að stöðva þurfti framkvæmdir eftir að þær eru hafnar. Minjastofnun bendir einnig á að nákvæm staðsetning nýrra bygginga innan byggingareitsins er ekki sýnd á skipulagsupprætti. Ekki heldur tilgreint hvar staðsetja eigi hauggeymslu innan skipulagssvæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði hróflað við minjum eða helgunarsvæði þeirra, nema í samráði við Minjavörð Suðurlands. Einnig er tekið fram að haft verði samráð við Minjavörð áður en farið verður í framkvæmdir á bæjartorfunni. Minjavörður getur þá sett skilmála fyrir framkvæmdina ef þurfa þykir. Byggingareitur sé hafður rúmur svo hægt sé að koma byggingum vel fyrir og ef skildu finnast minjar undir yfirborði þá sé svigrúm til að hnika byggingum til án þess að breyta þurfi deiliskipulagi og stækka/færa byggingareit.

## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu en unnið er að gerð nýs deiliskipulags fyrir Læk 2, þar sem m.a. er gert ráð fyrir fyrirhugaðri framkvæmd.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Rangárbings ytra skv. Skipulagslögum og lögum um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. reglugerð um losun frá



atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá er eggjaframleiðsla háð leyfi Matvælastofnunar skv. lögum um matvæli og umfangsmikið dýrahald háð úttekt sömu stofnunar skv. lögum um velferð dýra.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða framkvæmd sem felur í sér framleiðslu á eggjum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.07 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Skipulagsstofnun telur að um sé að ræða tiltölulega lítið hænsnabú og framkvæmd sem er lítil að umfangi. Helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast í mögulegum áhrifum á fornleifar og af lyktarónæði af starfseminni og við dreifingu úrgangs.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands koma fram kröfur stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir sem grípa þurfi til. Í ljósi umsagnar Minjastofnunar, þar sem stofnunin bendir á að mögulega leynast fornleifar undir sverði og að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdunum, telur Skipulagsstofnun að í framkvæmdaleyfi þurfi að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili fari eftir þeim tillögum sem Minjastofnun leggur fram til verndar minjum og minjaheildum. Að mati Skipulagsstofnunar er viðbúið að rask geti orðið á fornleifum, en óvissa sé um gildi þeirra minja fyrir en að rannsóknum loknum.

Úrgangur sem fellur til við fyrirhugað eldi verður geymdur í hauggeymslu og síðan nýttur sem áburður innan jarðar framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili telur að um 20 ha þurfi undir árlegt magn af úrgangi, en jörðin telur um 80 ha. Áhrif lyktarmengunar ráðast m.a. af umfangi starfseminnar, ríkjandi vindáttum og fjarlægð starfseminnar frá öðrum mannvirkjum eða svæðum þar sem líklegt er að fólk dvelji. Sem fyrir segir telur Skipulagsstofnun að starfsemin sé lítil að umfangi, en nokkur fjarlægð er í næstu mannabústaði eða um 1 km til norðurs og 1,7 km undan ríkjandi vindátt í suðvestur frá bæjarstaði Lækjar 2. Hins vegar er mun skemmra í næstu mannabústaði frá lóðamörkum framkvæmdaraðila og því brýnna en ella að viðhafa vandaða verktilhögun til að draga úr neikvæðum áhrifum dreifingar úrgangs á tún. Viðbúið er að áhrif vegna lyktarmengunar verði að mestu bundin við jörðina Læk 2 og næsta nágrenni, en Skipulagsstofnun telur brýnt að við dreifingu á hæsnaskít verði tekið mið af aðstæðum, ekki síst veðri, hverju sinni með það að markmiði að lágmarka ónæði vegna ólyktar og að komið verði í veg fyrir að hæsnaskítur berast í yfirborðsvatn. Gangi það eftir telur stofnunin að framkvæmdirnar muni hafa óverulega neikvæð áhrif á loftgæði, utan nærsvæðis varphúss og dreifingarsvæðis.



Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á skilgreindu landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Rangárþingi ytra 2016-2028 og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhuguð skv. skipulagsáætlunum. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í Rangárþingi ytra, en nýjar byggingar verða byggðar í grennd við önnur hús á jörðinni og raska því landbúnaðarlandi á takmörkuðu leyti.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis, þ.e. Suðurlandsundirlendis, en áhrif framkvæmdarinnar verða óveruleg að mati Skipulagsstofnunar. Engin vatnsverndarsvæði eru í grennd við framkvæmdasvæðið en svæðið tilheyrir grunnvatnshlotinu Gíslholtsvötn og straumvatnshlotinu Þjórsá 1. Samkvæmt vatnaáætlun nær vatnshlotið Gíslholtsvötn umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand, en staðbundið álag er á viðtakanum Þjórsá 1. vegna fráveitu frá fiskeldi sem er staðsett skammt austan við Læk 2 með losun fráveitu í Þjórsá, en skv. lögum um stjórn vatnamála er mikilvægt að framkvæmdir í og við viðtakann valdi ekki hnignun á vistfræðilegu ástandi Þjórsár.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu er líklegt að áhrif af fyrirhugaðri uppbyggingu við Læk 2 í Holtum á ofangreinda umhverfisþætti verði óveruleg til óverulega neikvæð, með fyrirvara um gildi þeirra fornleifa sem kannaðar verða, en ljóst er að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka breytingum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. júní 2023.

Reykjavík, 30. maí 2023.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson